



Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands
10. apríl 2013
Tilv. 1206039

Rannsóknarskýrsla

Úttekt á skilum *Ice Fresh Seafood ehf.* á skilaskyldum innborgunum á erlenda gjaldeyrisreikninga félagsins.

I - 4.4

5.9.2 Fjárhæð gjaldeyris sem var skilað

Á skilatímabilinu var gjaldeyri að fjárhæð USD 231.242.630,23, GBP 759.432,51, EUR 179.872.299,36, JPY 7.670.360.949,00, NOK 126.697.550,97 og DKK 724.636,91 skilað af erlendum gjaldeyrisreikningum Ice Fresh Seafood ehf. á reikninga hjá innlendum fjármálfyrirtækjum (*gjaldeyri skilað og greitt til Íslands*). Heildarfjárhæð þessara greiðslna er ISK 70.830.750.433 miðað við gengi reikningsmyntar gegnwart íslenskri krónu á degi hverrar greiðslu en ISK 74.396.223.099 miðað við opinbert miðgengi Seðlabanka Íslands þann 31. mars 2012.

5.9.3 Mismunurinn á skilaskyldum innborgunum og skilum

Mismunurinn á fjárhæð skilaskyldra innborgana erlends gjaldeyris á erlenda gjaldeyrisreikninga Ice Fresh Seafood ehf., sbr. kafla 5.9.1, og fjárhæð þess gjaldeyris sem greiddur var af sömu reikningum inn á reikninga hjá innlendum fjármálfyrirtækjum, sbr. kafla 5.9.2, má sjá í töflu 12.

Tafla 12: Mismunur á fjárhæð skilaskyldra innborgana erlends gjaldeyris á erlenda reikninga Ice Fresh ehf. og fjárhæð gjaldeyris sem greiddur er af sömu reikningum til innlendra fjármálfyrirtækja

Mynt	Innborgun/ skilaskyldt	Gjaldeyri skilað og greitt til Íslands	Mismunur	Hlutfalli skilað
USD	229.820.572,61	231.242.630,23	-1.422.057,62	100,62%
GBP	756.353,47	759.432,51	-3.079,04	100,41%
EUR	180.084.082,20	179.872.299,36	211.782,84	99,88%
JPY	7.552.641.682,00	7.670.360.949,00	-117.719.267,00	101,56%
NOK	124.724.681,33	126.697.550,97	-1.972.869,64	101,58%
DKK	724.636,91	724.636,91	0,00	100,00%
PLN	104.718,01	0,00	104.718,01	0,00%
Heildarfjárhæð í ISK m.v. gengi á færsludegi	70.529.575.276	70.830.750.433	-301.175.157	100,43%
Heildarfjárhæð í ISK m.v. gengi 31.3.2012	74.030.562.990	74.396.223.099	-365.660.109	100,49%

Eins og sjá má í töflu 12 er upphæð þess gjaldeyris sem Ice Fresh Seafood ehf. skilar (flokkar *gjaldeyri skilað og greitt til Íslands*) í flestum tilfellum hærri en upphæð í flokknum *innborgun/skilaskyldt*. Ástæður þess að skil eru hærri en skilaskyldar innborganir kunna að vera tvær:

- Skilatímabilið er lengra en innborganatímabilið. Þannig eru þær greiðslur sem berast eftir að innborganatímabilinu lýkur og skilað er fyrir lok þriggja vikna frestsins taldar með í flokkunum *gjaldeyri skilað og greitt til Íslands*.
- Ice Fresh Seafood ehf. flytur óskilaskyldan gjaldeyri að upphæð ISK 762.739.425, m.v. miðgengi Seðlabanka Íslands á hverjum gjaldmiðli gagnvart íslenskri krónu þann 31. mars 2012, á innlenda gjaldeyrisreikninga, sbr. mynd 3.

6. Áætlað meint brot

Af niðurstöðum skýrslunnar er ljóst að Ice Fresh Seafood ehf. skilar nánast öllum skilaskyldum gjaldeyri sem fyrirtækið eignast. Þó er ljóst að með þeiri aðferðarfraði sem beitt var við mat á skilum Ice Fresh Seafood ehf. á erlendum gjaldeyri, sbr. kafla 4, og forsendur útreikninga á fjárhæð skilaskyldra innborgana erlends gjaldeyris á sérhvern erlendan gjaldeyrisreikning Ice Fresh Seafood ehf. og svo aftur ráðstöfun þess erlenda gjaldeyris er niðurstaða skýrslunnar eftirfarandi: Skilaskyldum innborgunum erlends gjaldeyris sem félaginu barst á innorganatímabilinu að fjárhæð PLN 6.026,21, USD 175.406,54, JPY 4.004.747 og NOK 1.873.904,51, var ekki skilað á skilatímabilinu. Eru þá ótalin möguleg brot þar sem skilaskyldum innborgunum erlends gjaldeyris var skilað að tilskildum fresti liðnum á skilatímabilinu.

Það er niðurstaða Seðlabanki Íslands að rökstuddur grunur sé um að Ice Fresh Seafood ehf. hafi vanrækt að skila skilaskyldum innborgunum erlends gjaldeyris, sem hefði átt að vera búið að skila eigi síðar en 31. mars 2012, að heildarfjárhæð sem samsvarar **ISK 70.195.824** m.v. gengi íslenskrar krónu gagnvart viðkomandi myntum þann 31. mars 2012.

Samkvæmt framangreindu telur Seðlabanki Íslands að rökstuddur grunur sé fyrir hendi um að Ice Fresh Seafood ehf. hafi gerst brotlegt við 8. gr. reglna nr. 1082/2008, 9. gr. reglna nr. 1130/2008, 12. gr. reglna nr. 880/2009, 12. gr. reglna nr. 370/2010 og 13. gr. 1 laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. lög nr. 127/2011, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og lögum um Seðlabanka Íslands.

7. Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Reikningsyfirlit yfir bókhaldslykil 69475 í fyrirtækjalykli 5000 úr SAP-bókhaldskerfi.

Fylgiskjal 2: Upplýsingar um bókhaldslykil 69476 í fyrirtækjalykli 5000 úr SAP-bókhaldskerfi.

Fylgiskjal 3: Reikningsyfirlit yfir bókhaldslykil 69481 í fyrirtækjalykli 5000 úr SAP-bókhaldskerfi.

Fylgiskjal 4: Reikningsyfirlit yfir bókhaldslykil 69482 í fyrirtækjalykli 5000 úr SAP-bókhaldskerfi.

Fylgiskjal 5: Reikningsyfirlit yfir bókhaldslykil 69483 í fyrirtækjalykli 5000 úr SAP-bókhaldskerfi.

Fylgiskjal 6: Reikningsyfirlit yfir bókhaldslykil 69484 í fyrirtækjalykli 5000 úr SAP-bókhaldskerfi.

Fylgiskjal 7: Reikningsyfirlit yfir bókhaldslykil 69485 í fyrirtækjalykli 5000 úr SAP-bókhaldskerfi.